

Stúdentaráðsfundur			
Dags. fundar	Tími	Staður	Nr. fundar
16.11.22	17:00	H 201	5
Fundarboðandi	Fundarritari	Dags. rituð	
Rebekka Karlsdóttir	Guðmundur Ásgeir Guðmundsson	16.11.22	
Fundaraðilar mættir			
<u>Félagsvísindasvið:</u>			
Lilja Hrönn Ö. Hrannarsdóttir (Röskva)			
Viktor Ágústsson (Röskva)			
Dagur Kárason (Vaka)			
Diljá Ingólfisdóttur (Röskva)			
Jón Ingvi Ingimundarson fyrir Elías Örn Torfason (Röskva)			
<u>Heilbrigðisvísindasvið:</u>			
Dagný Þóra Óskarsdóttir (Röskva)			
Sóley Ásta Lóudóttir fyrir Sigríði Helgu Olafsson (Röskva)			
Andri Már Tómasson (Röskva)			
<u>Hugvísindasvið:</u>			
Rakel Anna Boulter (Röskva) <i>Teams</i>			
Draumey Ósk Ómarsdóttir (Röskva) <i>Teams</i>			
Magnús Orri Aðalsteinsson (Röskva)			
<u>Menntavísindasvið:</u>			
Bergrún Anna Birkisdóttir (Vaka)			
<u>Verkfræði- og náttúruvísindasvið:</u>			
Brynhildur R. Þorbjarnardóttir (Röskva)			
Sigurþór Maggi Snorrason (Röskva)			
Friðrik Snær Björnsson fyrir Dagmar Óladóttur (Röskva)			
<u>Aðrir (án atkvæðisréttar):</u>			
Rebekka Karlsdóttir, forseti SHÍ			
Gréta Dögg Þórisdóttir, varaforseti SHÍ			
Guðmundur Ásgeir Guðmundsson, framkvæmdastjóri SHÍ (ritari)			
Katrín Björk Kristjánsdóttir, hagsmunafulltrúi SHÍ			
María Sól Antonsdóttir, lánasjóðsfulltrúi SHÍ			
Fundarmenn fjarverandi og án varafulltrúa:			
<u>Menntavísindasvið:</u> Auður Eir Sigurðardóttir (Röskva), Ísak Kárason (Röskva)			



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Fundardagskrá

Fundur Stúdentaráðs 16. nóvember 2022 í stofu H-201 kl. 17:00

Agenda Student Council Meeting on November 16th 2022 in H-201 at 17:00

1. Fundur settur 17:00

Meeting begins

2. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:00-17:05

Vote/approval on minutes from last meeting

3. Tilkynningar og mál á döfnni 17:05-17:30

Announcements and issues ahead

4. Tilnefningar í kjörstjórn (atkvæðagreiðsla) 17:30-17:45

Nominations to the electoral board

5. Stefna Stúdentaráðs í tengslum við endurskoðun laga um Menntasjóð námsmanna

17:45 - 18:05 (atkvæðagreiðsla)

6. Hlé 18:05-18:15

Intermission

7. Tillaga um jafningjastuðning á stúdentagörðunum 18:15-18:25 (atkvæðagreiðsla)

Proposal for peer support at the student housing (Vote)

8. Tillaga um aukna notkun persónufornafna á Canvas 18:25-18:35 (atkvæðagreiðsla)

Proposal regarding use of personal pronouns on Canvas (Vote)

9. Tillaga um markvissa vinnu til að auka kosningaþátttöku til Stúdent- og háskólaráðs 18:35-18:45 (atkvæðagreiðsla)

Proposal for targeted work to increase voter participation to the Student- and University Council (Vote)

10. Fjármál Stúdentaráðs 18:45-18:55

Finance of the Student Council

11. Önnur mál 19:30-19:35

Other issues

12. Bókfærð mál

Recorded issues



Stúdentaráð Háskóla Íslands

13. Fundi slitið 19:35

Meeting ends

1. Fundur settur 17:07

Meeting begins

2. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:00-17:05

Vote/approval on minutes from last meeting

- a. Fundargerð frá síðasta fundi er borin upp til samþykktar. Séu Stúdentaráðsliðar með athugasemdir skal senda á shi@hi.is fyrir fund svo framkvæmdastjóri geti tekið það til greina. Einnig má koma með athugasemdir á fundinum.
- b. Fundargerð má finna í fundargögnum.
Fundargerð samþykkt 16 atkvæði

3. Tilkynningar og mál á döfinni 17:05-17:30

Announcements and issues ahead

- a. **Skrásetningargjaldið** - Forseti fór yfir stöðu mála á baráttu Stúdentaráðs í tengslum við skrásetningargjöldin og næstu skrefum, viðburði framundan o.fl.
- b. **Fundir forseta og rektors** - Síðasti fundur var 2. nóvember sl. Forseti færði rektor áskorun Stúdentaráðs um að lýsa yfir neyðarástandi í loftslagsmálum, rætt var um samstarfssjóð háskólamálaráðuneytisins en enn er allt nokkuð óljóst um hvaða umsóknir HÍ mun senda inn, þá ítrekaði forseti fyrri beiðni Stúdentaráðs um að ný könnun um þörfina á heilbrigðismóttöku verði komið í framkvæmd og að stuðningur við Stúdentaléikhúsið verði að veruleika.
- c. **Samráðsfundur stúdenta með ráðherra:** fundi sem átti að vera í byrjun nóvember var frestað án útskýringa og hafa stúdentar því ekki hitt ráðherra í mjög langan tíma.
- d. **Stjórn Stúdentaráðs** - Farið yfir fund stjórnar 9. nóv sl.
- d. **Alþjóðadagar og Aurora Biannual** - Alþjóðadagar fóru fram dagana 8. - 11. nóvember og Aurora Biannual fór fram rafrænt samhliða alþjóðadögum. Búið að vera nóg að gera hjá alþjóðafulltrúi og alþjóðanefnd og eiga þau hrós skilið fyrir vel unnin störf.
- e. **Fulltrúaráðsfundur LÍS** Farið yfir fund fulltrúaráðs 9. nóvember sl. Á fundinum var heildarendurskoðun á lögum um menntasjóð námsmanna til umræðu og farið



Stúdentaráð Háskóla Íslands

yfir heildarstefnu stúdenta í þeim efnum ásamt því að rædd var dagsetning á landsþingi LÍS, en ekki var tekin ákvörðun í þeim efnum, gengur erfiðlega að finna tímasetningu sem hentar öllum aðildarfélögnum. Í kjölfar fundarins var send út atkvæðagreiðsla um að halda þingið frá sunnudegi 26. mars til miðvikudag 29. mars. Forseti bar þá tímasetningu undir stjórn og kaus í kjölfarið gegn henni vegna þess að við höfum áhyggjur af því að erfitt geti reynst að manna þingsætin á þessum virku dögum. Þingið fer fram á vorönn á Akureyri og er þema þingsins í ár fjölskyldumál stúdenta.

- f. **Háskólaþing** verður 18. nóvember nk. Farið yfir dagskrá þingsins, þingfulltrúa stúdenta og hlutverk þeirra á þinginu. Stúdentar eiga 10 fulltrúa á þinginu sem kosnir voru á kjörfundi. Vegna forfalla tókst að fylla öll þingsætin með þeim aðilum sem kosnir voru á kjörfundi og samþykkti stjórn því að nýr varafulltrúi yrði skipaður og það lagt undir Stúdentaráð með bókfærðum málum. Á þinginu stendur til að ræða samgöngu- og sjálfbærnimál innan skólans - spennandi að sjá hvað verður rætt og hvað kemur út úr þinginu. Forseti minnir á að þau sem eiga sæti á þinginu eru þar sem fulltrúar allra stúdenta við skólann og hvetur þau til þess að taka virkan þátt í umræðunum. Þau sem ekki eiga sæti á þinginu geta fylgst með í beinu streymi inn á hi.is.
- g. **Fundur Stúdentaráðs Aurora í Amsterdam:** Alþjóðafulltrúi og varaforseti Stúdentaráðs eiga sæti í stúdentaráði Aurora og er Alma jafnframt forseti ráðsins. Fundirnir fara almennt fram í gegnum fjarfundarbúnað en þann 18. nóvember mun ráðið hittast í Amsterdam ásamt því að fundað verður með öllum aðstoðarrektorum kennslu í Aurora og gefst stúdentum þar færi á að koma sínum áherslum á framfæri fyrir næstu fjögur ár innan samstarfsnetsins. Forseti Stúdentaráðs mun fara í stað varaforseta á fundinn.
- h. **Geðheilbrigðishópur HÍ** - Fundaði 8. nóvember sl. Á fundinum var farið yfir stöðu mála í geðheilbrigðisúrræðum innan skólans. Þau hafa verið vel nýtt, bæði einstaklingsúrræðin sem og hóptímarnir. Til umræðu var hvað ætti að gera við þann pening sem eftir stendur af viðbótar fjármagninu og tók forseti Stúdentaráðs þar undir með sálfræðingum skólans að rétt væri að nota eftirstöðvarnar í að ráða inn annan sálfræðing í ljósi þess hve langir biðlistarnir eru ennþá, enda enn langt í land miðað við markmið Stúdentaráðs um einn sálfræðing á hverja þúsund nemendur.
- h. **Stjórn FS:** fundaði seinast 27. október. Þar er helst að fréttu að uppbygging íbúða



Stúdentaráð Háskóla Íslands

á Sögu eru á áætlun og munu fyrstu íbúar flytja inn um mánaðarmótin febrúar-mars og verður Stúdentaráði boðið á opnun þegar þar að kemur. Smá tafir hafa orðið á stækkun leikgarðs vegna jarðvegsvinnunnar og stefnir í um mánaðar töf á því að hægt verði að taka börn inn á leikskólann á ný. FS mun halda upp á það á morgun að 15 ár eru síðan að þau fluttu inn á skrifstofuna á Háskólatorgi og munu þau bjóða upp á köku í tilefni dagsins.

- i. **Mánaðarlegir pistlar forseta** - Koma í upphafi hvers mánaðar fyrir mánuðinn sem var að líða. Mikilvægt að kynna sér efni þeirra til þess að vera með allt á hreinu sem er í gangi. Forseti minnir á að alltaf er hægt að senda línu eða koma upp á skrifstofu ef einhverjar spurningar kvikna eða ef eitthvað er óljóst.

4. Tilnefningar í kjörstjórn (atkvæðagreiðsla) 17:30-17:45

Nominations to the electoral board

- a. Fylkingarnar bjóða fram tvo fulltrúa hvor í kjörstjórn og tilnefna forseta kjörstjórnar..

- i. Tilnefningar Röskvu:

Guðjón Björn Guðbjartsson (til forsætis)

Hallgerður Kolbrún E. Jónsdóttir

Tilnefningar Vöku:

Birta Karen Tryggvadóttir

Kamila Antonina

- ii. Atkvæðagreiðsla um tilnefningarnar:

15 samþykki,

Tilnefningarnar samþykktar.

- iii. Atkvæðagreiðsla um tilnefningu til forsætis:

15 samþykki,

Tilnefningin samþykkt.

- b. Forseti fer snögglega yfir ábendingar frá fyrri kjörstjórn um það sem mætti betur fara í starfinu.

5. Stefna Stúdentaráðs í tengslum við endurskoðun laga um Menntasjóð námsmanna

17:45 - 18:05 (atkvæðagreiðsla)

SHÍ's emphasis in relation to the revision of the Act on the Student Education Fund (Vote)

- a. Forseti og lánasjóðsfulltrúi upplýsa um það sem hefur átt sér stað í tengslum við heildarendurskoðun á lögum um Menntasjóð námsmanna frá seinasta fundi og næstu



Stúdentaráð Háskóla Íslands

skref.

6. *Hlé 18:05-18:15*

Intermission

7. *Tillaga um jafningjastuðning á stúdentagörðunum 18:15-18:25 (atkvæðagreiðsla)*

Proposal for peer support at the student housing

Stúdentaráðsfundur

16. nóvember 2022

- T I L L A G A -

Lagt er til að skrifstofa Stúdentaráðs beiti sér fyrir því að komið verði á fót jafningjastuðningskerfi á Stúdentagörðunum.

- R Ö K S T U Þ N I N G U R -

Jafningjastuðningur er stuðningur sem er veittur af og er fyrir fólk sem er í svipuðum aðstæðum og deila svipuðum áskorunum, vandamálum og reynslu. Stúdentar sem flytja á stúdentagarða eru oft að upplifa mjög svipaðar aðstæður á sama tíma; flytja að heiman, byrja í nýjum skóla og byggja upp ný félagsleg tengsl¹. Ekki allir stúdentar eru með bakland í nærumhverfi sínu sem aðstoðar við að koma sér fyrir og venjast nýjum aðstæðum. Nemendur sem koma af landsbyggðunum eru dæmi um hóp sem jafningjastuðningur gæti nýst afar vel.

Tillagan miðar að því að veita skrifstofu Stúdentaráðs umboð til þess að beita sér fyrir því að komið verði á fót jafningjastuðningi, eins konar „mentora-kerfi” fyrir nýja íbúa á Stúdentagörðunum. Slíkur stuðningur þekkist víða erlendis þar sem háskólar halda utan um jafningjastuðning á stúdentagörðum sem aðstoðar nemendur að aðlagast nýjum aðstæðum og tengir nemendur við önnur geðheilbrigðisúrræði. Leitast yrði eftir því að verkefnið yrði samstarfsverkefni á milli Stúdentaráðs, Félagsstofnunar Stúdenta og Háskóla Íslands. Hægt væri að skoða samstarf með þjónustu sem er nú þegar í boði, til dæmis Félagsráðgjöf fyrir stúdenta.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Jafningjastuðningur á Stúdentagörðum getur komið í veg fyrir félagslega einangrun einstaklinga sem eru að kljást við nýjar, og oft krefjandi aðstæðir. Jafningjastuðningur getur einnig haft jákvæð áhrif á geðheilbrigði stúdenta en stúdentar eru oft öruggari með að leita eftir stuðningi og leiðbeiningum frá jafningjum yfir faglega ráðgjafabjónustu. Jafningjastuðningur getur verið leið til að tengja nemendur við þau úrræði og þjónustu sem eru til staðar á háskólasvæðinu og náð til þá stúdenta sem myndu annars ekki leita til faglegrar þjónustu²

Katrín Björk Kristjánsdóttir, hagsmunafulltrúi SHÍ

Rebekka Karlsdóttir, forseti SHÍ

- a. Tillöguberar flytja tillöguna.
- b. Mælendaskrá opin. Umræður og spurningar má nálgast á upptöku.
- c. Atkvæðagreiðsla:
15 samþykki,
Tillagan samþykkt.

8. Tillaga um aukna notkun persónufornafna á Canvas 18:25-18:35 (atkvæðagreiðsla)

Proposal regarding use of personal pronouns on Canvas

Stúdentaráðsfundur

16. nóvember 2022

T I L L A G A

Lagt er til að Stúdentaráð fari þess á leit við skólayfirvöld að kynna fyrir nemendum og starfsfólki að hægt sé að sýna fornöfn sín við nafn sitt á Canvas. Einnig er lagt til að Stúdentaráð veki athygli á að þetta sé hægt, og af hverju það er mikilvægt, á samfélagsmiðlum sínum.

R Ö K S T U Þ N I N G U R

Að merkja sig fornöfnum sínum er einföld en skilvirk leið til að standa með kynsegin fólki. Fyrst og fremst normalíserar það almennt að fólk kynni sig með fornöfnum sínum. Í öðru lagi hjálpar það kynsegin fólki að skera sig ekki frá fjöldanum með því að merkja sig sínum



Stúdentaráð Háskóla Íslands

fornöfnum og draga óþarfa athygli til sín. Í þriðja lagi myndi aukning í merkingu fornafna vonandi auka líkur á að fólk, bæði nemendur og kennarar, kíki á nafnalista og komi í veg fyrir rangkynjanir eins og hægt er.

Því legg ég til að Stúdentaráð nýti vægi sitt gagnvart stjórnendum og þrýsti á Háskólann til að hvetja nemendur og starfsfólk með beinum hætti til þess að sýna fornöfn sín. Þetta væri best gert með því að grípa athygli á fjölförnum vegi og tel ég Canvas-vefinn bestan til þess fallinn. Á nokkurra vikna tímabili er líklegt að flest ef ekki öll hafa opnað Canvas í það minnsta einu sinni. Hægt væri að setja upp borða efst á heimasíðunni. Á borðanum myndi vera texti þess efnis að hægt sé að merkja sig fornöfnum sínum og svo hlekkur sem kæmi manni beint á stillinga-síðuna sína. Meðfylgjandi þessu væri hægt að senda út tölvupóst með leiðbeiningum um hvernig hægt er að setja inn fornöfn sín.

Stúdentaráð gæti vakið athygli á þessu með því að t.d. bjóða Q-félaginu inn á miðla sína til að fjalla um af hverju þetta er mikilvægt. Í framhaldinu gæti SHÍ sett inn leiðbeiningar um hvernig er hægt að birta fornöfn sín, líkt og má finna á Instagram-reikning Sviðsráðs VoN.

Háskólinn á að vera aðgengilegur öllum og myndu einfaldar og skilvirkar aðgerðir eins og þessar vonandi stuðla að auknu aðgengi kynsegin fólks að háskólanámi.

Andri Már Tómasson

Sviðsráðsforseti Heilbrigðisvísindasviðs

- Tillöguberi flytur tillöguna.
- Mælendaskrá opin. Umræður og spurningar má nálgast á upptöku
- Atkvæðagreiðsla:

15 samþykki,

Tillagan samþykkt

- Tillaga um markvissa vinnu til að auka kosningaþátttöku til Stúdenta- og háskólaráðs
18:35-18:45 (atkvæðagreiðsla)



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Proposal for targeted work to increase voter participation to the Student- and University Council

Stúdentaráðsfundur

16. nóvember 2022

- TILLAGA -


um markvissa vinnu til að auka kosningaþátttöku til Stúdenta- og háskólaráðs

Lagt er til að réttindaskrifstofa SHÍ skili tillögum um hvernig auka mætti kosningaþátttöku í kosningum til Stúdentaráðs og háskólaráðs. Tillögurnar skulu unnar í samráði við kjörstjórn og kynntar í síðasta lagi á febrúarfundi Stúdentaráðs.

- RÖKSTUÐNINGUR -

Kosningaþátttaka í kosningum til Stúdentaráðs var sú lægsta í ár af kosningum árána 2011-2022. Hún var hæst árið 2015 þar sem 43,63% kjörgengra kusu en í ár kusu aðeins 21,70%.¹ Hér má sjá kosningaþátttökuna yfir árin (sótt af heimasíðu Stúdentaráðs):

Kosningaþátttaka meðal kjörgengna





Til þess að skoða hvernig hægt sé að bregðast við þessari þróun er mikilvægt að taka saman gögn um þróun kosningaþátttöku undanfarin ár. Ýmislegt kemur til greina til dæmis frestun á kosningum til mars², ný persónuverndarlög³ sem hindra aðgang fylkinga að símanúmerum kjósenda, upptaka á kerfinu Canvas árið 2020⁴, heimsfaraldur með fjarkennslu eða mögulega minni áhugi stúdenta á hagsmunum sínum. Þar sem margt gerðist á þessum stutta tíma þar sem kosningaþátttaka hefur minnkað þá telur undirritaður að Stúdentaráð ætti að rýna í þessar mögulegu ástæður og hvað sé að hafa mest áhrif til þess að ráðið geti farið vel upplýst inn í næstu kosningar með aðgerðir í huga. Þá er hægt að athuga hvernig svipuð stúdentaöfl erlendis eru að standa sig í þessum efnum. Mögulega eru stúdentafélög að eiga við jafn mikla lækkun í kosningaþátttöku eða með góðar leiðir til að ná til stúdenta.

Þróunin er augljóslega ekki góð og það er skylda okkar í Stúdentaráði að bregðast við með markvissum aðgerðum til þess að viðhalda öflugum og sjálfbærum hagsmunaaflum.

S. Maggi Snorrason, Stúdentaráðsliði

- a. Tillöguberir flytur tillöguna.
- b. Mælendaskrá opin. Umræður og spurningar má nálgast á upptöku.
- c. Atkvæðagreiðsla:
15 samþykki,
Tillagan samþykkt.

10. Fjármál Stúdentaráðs 18:45-18:55

Finance of the Student Council

- a. Framkvæmdastjóri Stúdentaráðs fer yfir stöðuna á fjárhagsáætlun Stúdentaráðs

11. Önnur mál 18:55-19:05

Other issues

- a. Okkur barst tillaga. Atkvæðagreiðsla um að taka hana fyrir.
15 samþykki,
Tillagan er því tekin fyrir.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

16. nóvember 2022

- T I L L A G A -

Lagt er til að Stúdentaráð beiti sér fyrir því að kynfræðsla skuli vera skylda fyrir kennaranema við Háskóla Íslands og taki undir áskorun SÍF þess efnis

- R Ö K S T U Þ N I N G U R -

Samband íslenskra framhaldsskólanema, SÍF, hefur leitað stuðnings Stúdentaráðs við kröfur þess um að kynfræðsla skuli vera skyld fyrir kennaranema við Háskóla Íslands

4. liður viðbragðsáætlunar SÍF sem lagt er til að tekið verði undir: „SÍF skorar á Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri að skylda alla kennaranema í kynfræðslu með áherslu á hinsegin málefni og kynferðisafbrot. SÍF mun óska eftir fundum með rektorum og forsetum menntavísindasviða til þess að kanna betur hvernig bæta má nám kennaranema.,,

Kynferðisofbeldi er dreifður og djúpur samfélagslegur vandi og er mikilvægt að við látum okkur það varða. Almennt er kynfræðsla innan skólakerfisins af skornum skammti og er því líklegt að nemendur skorti þekkingu á þeim málefnum.

Forvarnir og fræðsla fyrir tilvonandi kennara og önnur sem starfa með börnum og ungmennum er mikilvægur liður í samfélagslegum framförum er snúa að málefnum sem koma að kynferðisofbeldi.

Í stefnu Stúdentaráðs segir að jafnréttisfræðsla eigi að vera skylda fyrir stúdenta við Háskóla Íslands og telja tillöguberar að mikilvægt sé að aðlaga þá fræðslu að viðfangsefnum námsleiða.

Verði tillagan samþykkt munu viðeigandi aðilar innan Stúdentaráðs leggja SÍF lið við nánari útfærslu.

Auður Eir Sigurðardóttir, stúdentaráðsliði og forseti sviðsráðs Menntavísindasviðs

Gréta Dögg Þórisdóttir, varaforseti SHÍ

Katrín Björk Kristjánsdóttir, hagsmunafulltrúi SHÍ

- b. Tillöguberar flytja tillöguna.
- c. Mælendaskrá opin. Umræður og spurningar má nálgast á upptöku.

Lagt til 2 mínútna fundarhlé til að fara betur yfir tillöguna; fundarhlé samþykkt.

- d. Atkvæðagreiðsla



Stúdentaráð Háskóla Íslands

15 samþykki,
Tillagan samþykkt.

e. Undir önnur mál barst einnig tillaga um að mæta í jólaþeysum á næsta stúdentaráðsfund í desember.

- i. Atkvæðagreiðsla
12 samþykki, 3 á móti.
Tillagan samþykkt.

12. Bókfærð mál

Recorded issues

- a. Nýr varafulltrúi á Háskólaþing 18. nóvember.
 - i. Röskva tilnefni á háskólaþing 18. nóvember 2022 S. Magga Snorrason.
- b. Nýr meðlimur í jafnréttisnefnd SHÍ
 - i. Birta Karen Tryggvadóttir segir sig úr jafnréttisnefnd. Í kjölfar þess tilnefni Vaka, Dag Kárason til þess sætis.

13. Fundi slitið